



Reykjavík 10. júní 2024

## Niðurstaða athugunar á umgjörð og eftirliti með rekstraráhættu Íslandsbanka hf.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf athugun á umgjörð og eftirliti með rekstraráhættu Íslandsbanka hf. (hér eftir bankinn) í janúar 2023. Niðurstaða lá fyrir í janúar 2024.

Markmið athugunarinnar var að kanna umgjörð og eftirlit með rekstraráhættu í deild Eigin viðskipta hjá bankanum. Lögð var sérstök áhersla á að kanna hvort að Eigin viðskipti komi að gerð áhættumata á vinnslustigi og hvort hlutverk deildarinnar og ábyrgð væri til samræmis við viðmiðunarreglur Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) um aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum (SREP) (EBA/GL/2018/03) og viðmiðunarreglur EBA um innri stjórnarhætti (EBA/GL/2021/05), auk meginreglna Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit varðandi eftirlit með rekstraráhættu (Revisions to the Principles for the Sound Management of Operational Risk). Viðmiðunarreglurnar útfæra meðal annars 1. mgr. 77. gr. a, 1. mgr. 78. gr. g og 80.-81. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Að teknu tilliti til þeirra gagna og upplýsinga sem fjármálaeftirlitið aflaði við athugunina var það niðurstaða fjármálaeftirlitsins að bankinn hefði brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 161/2002, sbr. viðmiðunarreglur EBA um SREP og innri stjórnarhætti auk meginreglna Basel-nefndarinnar. Ekki var talið tilefni til að beita viðurlögum vegna brotanna en við matið var m.a. horft til eðlis og umfangs brotanna og hvort um ítrekuð brot væri að ræða. Gerðar voru eftirfarandi athugasemdir og viðeigandi úrbóta krafist:

- Ósamræmis gætti í tilteknum skjölum bankans varðandi flokkun undirþátta rekstraráhættu. Bankinn er ekki að nýta sér samræmdan lista yfir skilgreinda áhættuþætti bankans í skjölum sínum auk þess sem skjölin tilgreina með ólíkum hætti hvað telst til undirþátta rekstraráhættu. Af því leiðir að fyrirkomulag skýrslugjafar er ógagnsætt. Með vísan til framangreinds var flokkun undirþátta rekstraráhættu ekki talin í samræmi við 1. mgr. 78. gr. g laga nr. 161/2002, sbr. 161. gr. í viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti.
- Aðskilnaður starfssviða er lýtur að skráningu og úrvinnslu rekstraráhættuatvika var talinn að nokkru ábótavant. Að mati fjármálaeftirlitsins er önnur lína í þriggja línu líkaninu að einhverju leyti að taka að sér hlutverk fyrstu línu við skráningu og flokkun rekstraráhættuatvika bankans. Þá bar innri endurskoðandi ábyrgð á viðmiðunarskjali um mat á áhættustigi auk þess að hafa eftirlit samkvæmt þriggja línu líkaninu. Með vísan til framangreinds var greining og flokkun rekstraráhættuatvika sem og hlutverk innri endurskoðanda varðandi ábyrgð á leiðbeiningum um áhættumat ekki

talin að fullu í samræmi við það sem kveðið er á um í 1. mgr. 77. gr. a laga nr. 161/2002, sbr. 31. og 34. gr. lið i í viðmiðunarreglum EBA um innri stjórnarhætti.

Fjármálaeftirlitið fór fram á að bankinn myndi fela innri endurskoðun að gera úttekt á því hvort farið hafi verið að úrbótakröfum með fullnægjandi hætti og að gerð yrði grein fyrir úttektinni og niðurstöðum hennar í sérstakri skýrslu sem send yrði fjármálaeftirlitinu.